

Alþingi
Erindi nr. P 130/270
komudagur 24.11.2003

Akraneskaupstaður

JPP/rþ
Skj. 000.2/AK19808



Nefndasvið Alþingis,
Austurstræti 8-10,
150 REYKJAVÍK.

Á fundi bæjarráðs Akraness, sem haldinn var þann 20. nóvember 2003, var m.a. fjallað um bréf allsherjarnefndar Alþingis, dags. 13.11.2003, þar sem sent er til umsagnar frumvarp til laga um sölu ríkissjóðs á hlutafé í Landssíma Íslands hf., 191. mál, meðferð hlutafjár.

Bæjarráð telur ekki sérstaka ástæðu til að taka undir efni frumvarpsins, en telur að nauðsynlegt sé að ríkið eigi grunnet fjarskipta.

Það tilkynnist hér með.

Akranesi, 21. nóvember 2003.

Virðingarfyllst,

Jón Pálmi Pálsson, bæjarritari



Bygðastofnun
Þróunarsvið

Alþingi
Erindi nr. P 130/390
komudagur 1.12.2003

Dagsetning
28.11.2003

Allsherjarnefnd Alþingis
Alþingishúsinu við Austurvöll
150 Reykjavík

Allsherjarnefnd Alþingis hefur óskað eftir umsögn Bygðastofnunar um frumvarp til laga um sölu ríkissjóðs á hlutafé í Landssíma Íslands hf., 191. mál, meðferð hlutafjár.

Hlutverk Bygðastofnunar er að vinna að eflingu byggðar og atvinnulífs á landsbyggðinni og miðast eftirfarandi umsögn við áhrif tillagnanna á þá þætti. Tekið er fram að ekki hefur verið fjallað um umsögnina í stjórn stofnunarinnar.

Bygðastofnun hefur á fyrri stigum lýst þeim áherslum sem stofnunin telur að þurfi að hafa í huga við sölu Landssíma Íslands hf (**Umsögn um frumvarp til laga um sölu ríkissjóðs á hlutafé í Landssíma Íslands hf. dags. 10.5.2001**). Hér er hins vegar einungis um það að ræða að flytja meðferð sölu hlutafjár ríkisins frá samgönguráðherra til fjármálaráðherra og gerir Bygðastofnun ekki athugasemdir við það.

Virðingarfyllt

Guðmundur Guðmundsson
Ráðgjafi þróunarsviðs
Bygðastofnunar

Alþingi
Erindi nr. P 130/151
komudagur 18.11.2003

Allsherjarnefnd Alþingis
VT: Sigrún Brynja Einarsdóttir.

Hér með tilkynnist að sveitarstjórn Djúpavogshrepps hefur ekki tök á að gefa umsögn um frv. til laga um sölu ríkissjóðs á hlutafé í Landssíma Íslands fyrir tilskilinn tíma (28. nóv. 2003). Hún mun því ekki nýta umsagnarrétt sinn.

Djúpavogi 18. nóv. 2003;
Bj. Hafþór Guðmundsson, sveitarstjóri.

Alþingi
Erindi nr. Þ 130/424
komudagur 2. 12. 2003

EYÞING – *Samband sveitarfélaga í Eyjafirði og Þingeyjarsýslum* –
Strandgötu 29; 600 Akureyri; Sími 461-2733; kt. 561192-2199; Netfang eything@est.is


Akureyri 28. nóvember 2003

Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8 - 10
150 Reykjavík

Stjórn Eyþings hefur fengið til umsagnar frá allsherjarnefnd Alþingis frumvarp til laga um sölu ríkissjóðs á hlutafé í Landssíma Íslands hf., 191. mál, meðferð hlutafjár. Stjórnin samþykkti eftirfarandi umsögn:

Stjórnin gerir ekki athugasemdir við frumvarpið.

f.h. stjórnar Eyþings


Pétur Þór Jónasson
framkv.stjóri



Fræðslumiðstöð Vestfjarða
Miðstöð símenntunar og háskólanáms á Vestfjörðum

Alþingi
Erindi nr. Þ 130/269
komudagur 24.11.2003

Ísafjörður 21. nóvember 2003.

Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Umsögn um frumvarð til laga um breytingu á lögum nr. 75/2001 um sölu ríkissjóðs á hlutafé í Landssíma Íslands hf., 191. mál, sbr. bréf dags. 13. nóvember 2003.

Undirritaður gerir ekki athugasemd við frumvarpið.

F.h. Fræðslumiðstöðvar Vestfjarða.

Smári Haraldsson
Smári Haraldsson, forstöðumaður.

GRÍMSNES OG GRAFNINGSHREPPUR

Félagshemilínu Borg - 801 Selfoss
Sími: 486 4400 - FAX: 486 4490
NETFANG: gogg@gogg.is - www.gogg.is

Alþingi
Erindi nr. P 130/302
komudagur 25.11.2003

Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8-10,
150 Reykjavík

Borg 24. nóvember 2003

Efni: Frumvarp til laga vegna sölu ríkissjóðs á hlutafé í Landssíma Íslands

Á fundi sveitarstjórnar Grímsnes- og Grafningshrepps var tekið fyrir til kynningar bréf dags. 13. nóvember 2003 ásamt frumvarpi til laga um breytingu á lögum um sölu ríkissjóðs á hlutafé í Landssíma Íslands hf nr. 75/2001.


Sveitarstjórn Grímsnes- og Grafningshrepps gerir ekki athugasemdir við ofangreint.

Virðingarfyllst,

f.h. sveitarstjórnar

SVETIARSTJÓRI

GRÍMSNES OG GRAFNINGSHREPPS



Margrét Sigurðardóttir


Akureyri, 19. nóvember 2003

Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Tilvísun: *Bréf allsherjarnefndar dagsett 13. nóvember sl. þar sem leitað er umsagnar um frumvarp til laga um sölu ríkissjóðs á hlutafé í Landssíma Íslands hf, 191. mál, meðferð hlutafjár.*

Háskólinn á Akureyri gerir ekki athugasemdir við umrætt lagafrumvarp.

Virðingarfyllst,



Þorsteinn Gunnarsson, rektor

Dagsetning
27.11.2003

Tilvísun
001/168/03

Alþingi
Erindi nr. Þ / 30 / 355
komudagur 27.11.2003

Nefndarsvið Alþingis,
Austurstræti 8-10,
150 Reykjavík

Efni: Frumvarp til laga um breytingu á lögum um sölu ríkissjóðs á hlutafé í Landssíma Íslands hf., nr. 75/2001 (þskj. 193, 191. mál)

Vísað er til bréfs alsherjarnefndar Alþingis, dags. 13. nóvember, en bréfinu fylgdi frumvarp um meðferð hlutafjár í Landssíma Íslands hf. (Símanum) og beiðni um umsögn.


Skv. frumvarpinu skal fjármálaráðherra taka við meðferð hlutafjár ríkisins í Símanum í stað samgönguráðherra. Fram kemur í athugasemdum að óheppilegt sé að meðferð hlutafjárins sé hjá sama ráðherra og fer með mál er varða síma og önnur fjarskipti.

Síminn tekur undir þessi ummæli og telur óheppilegt að handhöfn hlutafjárins verði áfram hjá samgönguráðherra, sem jafnframt fer með yfirstjórn fjarskiptamála, sbr. 2. gr. laga um fjarskipti, nr. 81/2003, svo og almenna reglugerðarheimild, sbr. 75. gr. sömu laga.

Fyrirkomulag skv. gildandi lögum er til þess fallið að valda tortryggni, sem ætti að verða eytt með tilfærslu meðferðar hlutafjárins til fjármálaráðherra. Núverandi fyrirkomulag fer einnig gegn 2. mgr. 3. gr. svokallaðrar rammatilskipunar ESB um aðgreiningu eigendahlutverks og reglusetningarvalds.

Með vísan til ofangreinds styður Síminn framgang frumvarpsins.


Virðingarfyllst,
f.h. Landssíma Íslands hf.,


f.h. Páll Ásgrímsson, hdl.

Síminn
við Austurvöll
150 Reykjavík
Sími: 550 6000
Fax: 550 6009
Heimasíða: www.siminn.is
Netfang: siminn@siminn.is



SÍMINN



**SAMBAND SVEITARFÉLAGA
Á SUÐURNESJUM**
FITJUM - 260 NJARÐVÍK
SÍMI 421-3788 - PÓSTHÓLF 56 - KT. 640479-0279
FAX: 421-3766

Alþingi
Erindi nr. P 130/373
komudagur 28.11.2003

Suðurnesjum 25. nóvember 2003.

*Nefndasvið Alþingis
Allsherjarnefnd Alþingis
Austurstræti 8-10
150 REYKJAVÍK.*

Varðar umsögn um frumvarp til laga um sölu ríkissjóðs á hlutafé í Landssíma Íslands.


Á stjórnarfundum Sambands sveitarfélaga á Suðurnesjum þann 20. nóvember s.l. var tekið fyrir erindi yðar dags. 13. nóv. 2003 þar sem óskað var umsagnar um frumvarp til laga um sölu ríkissjóðs á hlutafé í Landssíma Íslands hf, 191. mál, meðferð hlutafjár.

Eftirfarandi var fært til bókar.

“Stjórnin tekur ekki afstöðu til frumvarpsins”.

Þetta tilkynnist hér með.

Virðingarfyllst,


Guðjón Guðmundsson framkv.stj.

Alþingi
Erindi nr. Þ 130/322
komudagur. 26.11. 2003

SNERPA
MÁNAGÖTU 6 – ÍSAFIRÐI

Ísafirði 25. nóvember 2003

Allsherjarnefnd Alþingis
Alþingi
150 Reykjavík

Efni: *Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum um sölu ríkissjóðs á hlutafé í Landssíma Íslands hf., nr. 75/2001*

Skv. beiðni allsherjarnefndar Alþingis, dags. 13. nóvember sl. sendir undirritaður nefndinni hér með eftirfarandi umsögn:

Fyrirtæki mitt, Snerpa, sem er m.a. starfandi Internetþjónusta á landsbyggðinni, telur að umrædd breyting sé eðlileg **og einnig** að nefndin, í ljósi reynslu undanfarandi missera, ætti jafnframt að leggja til frekari breytingar á l. nr. 75/2001 um sölu Landssíma Íslands hf.

Þar er átt við að reynslan hefur sýnt að það er afdrifaríkt fyrir þá núverandi eigendur Landssíma Íslands hf. (LS) sem búa á landsbyggðinni að breyttar áherslur í rekstri LS, m.a. aukin áhersla á að reka einungis öflugustu þjónustuna þar sem afrakstur vegna hennar er í hámarki, gerir að verkum að ýmis þjónusta í grunnkerfi Símans er ekki fáanleg og verður að óbreyttu fyrrsjáanlega ekki fáanleg, eða mun dýrari á dreifbýlli svæðum landsins.

Er þar hægt að taka til þjónustu eins og hvers kyns sí tengda gagnaflutningsþjónustu, t.d. ADSL sem er ekki á döfnni að bjóða íbúum smærri byggðarlaga en með 500 íbúa. Einnig t.d. SHDSL þjónusta sem er einungis í boði á höfuðborgarsvæðinu og er ekki áætlað að koma upp víðar. ATM-þjónusta er mun dýrari úti á landi en á höfuðborgarsvæðinu. Dæmi: 512 kbps ADSL+ rás á ATM-neti milli Ísafjarðar og Hnífsdals kostar kr. 15.000,- Sama rás kostar á milli Mosfellsbæjar og Hafnarfjarðar kr. 9.000,- Engin tilraun hefur verið gerð af hálfu LS til að réttlæta þennan mun, jafnvel þótt Ísafjörður og Hnífsdalur séu bæði innan sama sveitarfélags og einnig að mun lengra er milli Hafnarfjarðar og Mosfellsbæjar.

LS hefur svarað því til að sí tenging sé í boði um allt land sem hluti af alþjónustu sem sé ISDN+ þjónusta. Því er til að svara að ISDN+ sí tengingin ber einungis 9,6 kbit/s afköst sem er rétt nægjanlegt til að gá að tölvupósti (9,6 kbit/s er innan við 4% af burðargetu minnstu fáanlegu ADSL-tengingar).

Dæmin sýna í hnotskurn að nauðsynlegt er að ríkið haldi grunnkerfi Símans aðskildu frá allri annarri starfsemi. Jafnframt er eðlilegt m.t.t. Evrópuumhverfis og samkeppnissjónarmiða að aðskilja dreifikerfi og aðra þjónustu, sbr. III. kafla Raforkulaga.

Eðlilegt er að taka á ný til skoðunar brtill. 1. minnihluta samgöngunefndar á 126. þingi, sjá <http://www.althingi.is/altext/126/s/1314.html> þó með þeim breytingum að í stað 'Samgönguráðherra' komi 'Fjármálaráðherra'.


Hvað eftirlitshlutverk ríkisins með starfsemi LS varðar þá er vakin athygli á að í skýrslu einkavæðingarnefndar um sölu á LS (bls. 87-88) er beinlínis gert ráð fyrir að ef fyrirtækinu er ekki skipt upp að þá verði að álykta að „lagalegt umhverfi tryggi nægileg úrræði fyrir þessar [eftirlits]stofnanir“. Því er til að svara að úrræðin eru ekki fyrir hendi í dag þar sem eftirlitsstofnunum er ekki tryggt fjármagn til að framfylgja eftirlitsskyldu sinni.

Vert er að minnast á að fyrirheitum hv. samgönguráðherra um eflingu Samkeppnisstofnunar og Póst- og fjarskiptastofnunar, við umræðu nýrra fjarskiptalaga, hefur ekki verið fylgt eftir. Fyrirtæki mitt hefur beðið í allt að 3 ár eftir úrlausn máls hjá Samkeppnisstofnun vegna ágreinings við LS og eru slík úrræði sem að kæra deilumál því nú gagnslaus. Slíkar aðstæður lýsa einnig þeirri aðstöðu sem eftirlitsaðilar eru í til að framfylgja aðskilnaði milli grunnets og annarrar þjónustu hjá t.d. LS.

Þá vil ég einnig benda á að þegar tekin er afstaða til þess hvort skipta eigi LS upp í grunnnet og aðra þjónustu, að í áðurnefndri skýrslu einkavæðingarnefndar er í þessu sambandi fjöldinn allur af rangfærslum og illa ígrunduðum ályktunum. Ber því að taka það sem ekki er þar stutt með rökum með miklum fyrirvara.

Hins vegar er ljóst og óumdeilt að skv. núgildandandi rekstrarumhverfi LS á að vera tiltölulega einfalt að framkvæma skiptingu félagsins, enda ber því að halda öllum fjárhag og rekstri vegna dreifikerfis vandlega aðskildum frá öðrum þáttum starfsemi sinnar.

f.h. Snerpu ehf.


Björn Davíðsson.



SÚÐAVÍKURHREPPUR

Alþingi
Erindi nr. P 130/625
komudagur 15.12.2003

Allsherjarnefnd Alþingis
Alþingi
150 Reykjavík

Dags. 10. desember 2003

Efni: Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum um sölu ríkissjóðs á hlutafé í Landssíma Íslands hf., nr. 75/2001

Skv. beiðni allsherjarnefndar Alþingis, dags. 13. nóvember sl. sendir undirritaður fyrir hönd hreppsnefndar Súðavíkurhrepps eftirfarandi umsögn:

Hreppsnefnd Súðavíkurhrepps fjallaði um frumvarpið á fundi sínum 27. nóvember sl. og var eftirfarandi bókun samþykkt samhljóða:

„Hreppsnefnd telur ekki skipta meginmáli hver fer með hlutabréf Landsímans, samgönguráðuneytið eða fjármálaráðuneytið.

Aftur á móti finnst hreppsnefndinni miður sú mismunun sem ríkir á þjónustu Landsímans, gagnvart íbúum minni byggðakjarna og dreifbýlis. Því er vert að huga að þegar kemur að sölu Landsímans hvort rétt sé að selja dreifikerfi Landsímans, en við slíka afgreiðslu er líklegt að dreifing ljósavakaefnis og aðgengi að nútímanettengingum mun ekki batna á landsbyggðinni. Samþykkt samhljóða”.

Ástæða bókunarinnar er að reynslan af uppbyggingu grunnnets Landsíma Íslands sýnir að ólíklegt er að núverandi eigendur á Landsbyggðinni munu við óbreytt ástand njóta ákveðinna þjónustubátta Landssímans eða þá að þjónustan muni standa til boða mun dýrari í minni byggðakjörnum og dreifbýlari svæðum landsins. Opinberlega hefur Landsíminn haft í frammi yfirlýsingar um að hvers konar sitengd gagnaflutningsþjónusta sé ekki á döfnni að bjóða íbúum smærri byggðarlaga en með 500 íbúum.

Borið er við háum kostnaði og litum tekjum á móti, við að þjónusta þessi minni svæði og því má álykta að krafa núverandi eigenda um háa arðsemi sé nú orðin svo stór þáttur í stefnu Landsímans að minni svæðin muni ekki eiga möguleika á að njóta mikilvægra þjónustubátta Landsímans. Vert er velta fyrir sér hvernig staðan hefði væri ef þessi sama stefna hefði verið í hávegum höfð þegar var verið að byggja upp grunnkerfi símaþjónustu á þessum sömu stöðum.



SÚÐAVÍKURHREPPUR

Súðavíkurbýggð er um 200 manna byggðarlag og þar hefur Landsími Íslands einungis geta boðið upp á ISDN + tengingu en hún ber einungis 9,6 kbit/s afköst sem þykir varla boðleg á flestum þjónustusvæðum Landsímans, en það er innan við 4% af burðargetu minnstu fánlegu ADSL-tenginga.

Svipað er upp á teningnum þegar kemur að hugsanlegri dreifingu á ljósvakaefni, en Landssíminn á tiltæka mikla bandvidd í ljósleiðara en leigan á henni er svo há að breiðbandsfélag Landssímans getur ekki leigt þessa bandvidd á milli landshluta og látið þannig áskriftargjöld standa undir þeim kostnaði. Miklar líkur eru á því að á meðan grunnkerfið er ekki sjálfstætt félag þá vantar hvata til að koma ónotaðri flutningsgetu í verð, með því t.d. að lækka verð frekar en í dag þegar keypt er mjög mikil flutningsgeta.

Hreppsnefndin bendir jafnframt á ákveðið ósamræmi mv. III kafla raforkulaganna, en þar er gert ráð fyrir að dreifikerfi í grunngerð samfélagsþjónustu séu inni í sérstöðum félögum og síðan því fyrirkomulagi að Landssímanum er ekki skipt upp í grunnkerfi.

Margoft hefur komið fram að slík skipting Landssíma Íslands á að vera tæknilega auðveld þar sem um árabíl hefur verið skylda Landssímans að halda grunnkerfisrekstri aðskildum frá öðrum rekstri samkvæmt fyrirmælum frá Samkeppnisstofnun.

Í ljósi þessa punkta er bent á mikilvægi þess að íhuga vel hvort rétt sé að selja þann hluta sem snýr að dreifikerfi Landsímans, en miklar líkur er á að þessir þættir munu ekki lagast við slíkan gjörning.

Virðingarfyllt,


Ómar Már Jónsson
-sveitarstjóri-


Bifröst 26. nóvember 2003

Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Efni: Umsögn um frumvarp til laga um sölu ríkissjóðs á hlutafé í Landssíma Íslands hf. nr. 75/2001

Framkvæmdastjórn Viðskiptaháskólans á Bifröst hefur fjallað um frumvarp til laga þeirra er að ofan greinir og hefur engar athugasemdir fram að færa.

Virðingarfyllt
f.h. Framkvæmdastjórnar



Sigrún Hjartardóttir
Aðstoðarmaður rektors

Alþingi
Erindi nr. Þ 130/354
komudagur 27.11.2003



Reykjavík, 26. nóvember 2003

Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8 -10
150 Reykjavík

Efni: Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum um sölu ríkissjóðs á hlutafé í Landssíma Ísland hf., nr.75/2001

Og Vodafone (Og fjarskipti hf.) fagnar því að meðferð hlutfjár ríkisins í Landssímanum verði fært frá samgönguráðherra. Slíkt er í samræmi við það fyrirkomulag sem gerist í öðrum Evrópulöndum og í samræmi við þau lög og reglur sem gilda innan EES.

Og Vodafone telur hins vegar óheppilegt að meðferð hlutfjárins færist til fjármálaráðherra. Ein megin forsenda frumvarpsins er að það geti verið óheppilegt að handhöfn hlutfjárins "sé hjá sama ráðherra og fer með mál er varða síma og önnur fjarskipti... ." Á þetta sjónarmið er fallist enda hafa forráðamenn Og Vodafone og forvera þess fyrirtækis oft sinnis bent á þetta á opinberum vettvangi. Félagið telur það þó einnig geta verið óheppilegt að handhöfn hlutfjárins sé hjá sama ráðherra og fer með mál er varða útboð á opinberri þjónustu – fjármálaráðherra. Fjármálaráðherra hefur beina hagsmuni af því að markaðshlutdeild Landssíma Íslands verði sem mest á meðan félagið er í opinberri eigu. Á þessari stundu er með öllu óljóst hvenær sala á hlutafé ríkisins í Landssímanum fer fram og hversu mikið af því hlutafé verður selt í fyrstu umferð. Sú ráðstöfun sem lögð er til skv. frumvarp þessu er ekki til þess fallin að hvetja til útboðs á fjarskiptaþjónustu ríkisins.

Fjöldmörg útboð hafa farið fram á fjarskiptaþjónustu fyrirtækja og stofnana á síðustu árum. Nær undantekningarlaust hafa þau lækkað fjarskiptakostnað þeirra verulega. T.a.m. reyndust tilboð Og Vodafone og forvera þess fyrirtækis 32 til 51% lægri en tilboð Landssíma Íslands í útboði á fjarskiptaþjónustu Landspítala – háskólasjúkrahúss annars vegar og Orkuveitu Reykjavíkur hins vegar. Allar forsendur eru til að ætla að ríkið nái fram viðlíka sparnaði kjósi það að taka sömu skref og fyrrnefndir aðilar. Sá dráttur sem orðið hefur á þessari ákvörðun er samkeppnishindrandi fyrir Og Vodafone enda er ríkið stærsti einstaki kaupandi fjarskiptaþjónustu á landinu.

Á meðan stjórnvöld hafa ekki markað stefnu í útboðsmálum á fjarskiptaþjónustu stjórnarráðsins, ríkisstofnana og ríkisfyrirtækja telur Og Vodafone afar óheppilegt að frumvarpið verði lagt fram í þeirri mynd sem það er núna. Slíkt er einungis til þess fallið að vekja upp spurningar um hagsmunaárekstra.

Virðingarfyllst,

Ingvar Garðarsson
framkvæmdastjóri stjórnunarsviðs

Og fjarskipti hf.
Síðumúla 28
108 Reykjavík
Sími 599 9000
Fax 599 9001
www.ogvodafone.is